

Stjórnarfundur í Félagi lóðarhafa í Kiðjabergi

Fundur haldinn 16. febrúar 2026 kl. 20:00 að Hádegismóum 1, Reykjavík.

Mættir voru: Stefán Pétursson, Bjarni Sigurðsson, Magnús Magnússon, Sigrún Sjöfn Helgadóttir, Sigurlína Gunnarsdóttir og Loftur Magnússon pípulagningameistari hjá L.M.lagnir, sem sat hluta fundarins.

1. Rætt var við Loft um ástand vatnsveitunnar í Kiðjabergi. Hann sagðist ekki vera búinn að mynda sér ákveðna skoðun á ástandi kerfisins þar sem hann hafi ekki haft tíma né aðstöðu til að kynna sér kerfið að neinu gagni en hafi þó lesið yfir skýrslu V.S.Ó. um veituna. Hann sagðist vera tilbúinn að koma til aðstoðar ef bilanir yrðu á kerfinu.

Loftur var beðinn um að gera uppkast að því hvað þurfi að gera til að bæta rekstraröryggi kerfisins. Loftur yfirgaf fundinn eftir að hafa svarað þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hann.

2. Samþykkt var að senda til lögfræðisinnheimtu tvær kröfur um félagsgjöld þar sem ítrekuðum innheimtubréfum hefur ekki verið sinnt.
3. Rætt var um hvenær væri best að halda skuli aðalfund félagsins og var ákveðið að halda hann þann 6.maí 2026.
4. Fundarmenn minntust þess að fundarstóri aðalfundar fyrra árs, Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, minntist á þann möguleika að félagið fengi lánaðan salinn hjá Logos SLF. að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík fyrir aðalfund. Var formanni falið að skoða málið.
5. Farið var yfir það sem gera þarf til að halda aðalfundinn og voru stjórnarmenn sammála um að hafa allan undirbúa fundinn í tíma. Þá voru ræddar lítillaga hugmyndir um hverja mætti ræða við er komið gætu til greina í stjórn félagsins í stað Stefáns Péturssonar formanns, Sigrúnar Sjafnar Helgadóttur ritara og jafnvel Sigurlínar Gunnarsdóttur, varamanns, sem ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og var honum slitið kl. 21:30

Sigrún Sjöfn Helgadóttir ritari.